



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík

sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299

postur@fjr.is www.fjr.is

Bankasýsla ríkisins  
b/t Lárusar Blöndal stjórnarformanns  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2018

Tilv.: FJR18010125/6.2

Vísað er til bréfs Bankasýslu ríkisins til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 19. febrúar 2018, þar sem Bankasýsla ríkisins lagði fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um sölu á 13,0% eignarhlut ríkisins í Arion banka hf. til Kaupskila ehf. á 23,4 ma. kr. eða 90,807 kr. á hvern hlut.

Í bréfinu kemur fram að það sé niðurstaða Bankasýslu ríkisins að Kaupskil hafi einhliða, ótvíræðan og fortakslausan samningsbundinn rétt til að kaupa umræddan eignarhlut ríkisins á grundvelli 9. gr. hluthafasamkomulags milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, f.h. ríkissjóðs Íslands, Kaupskila ehf. og Arion banka hf., sem undirritaður var hinn 3. september 2009.

Ofangreind niðurstaða Bankasýslu ríkisins hefur verið kynnt á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins, ásamt því að málið sætti sérstakri umfjöllun á ríkisstjórnarfundi.

Fjármála- og efnahagsráðherra mun í samræmi við framangreint og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, undirrita samning um uppgjör kaupréttar sem Bankasýsla ríkisins hefur kynnt ráðuneytinu.